Aðalfundur hestamannafél. „Glaður“ var haldinn að Nesodda sunnudaginn 30. maí 1948. Mættir voru 16 félagar.

1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar.
2. Lesinn upp endurskoðaður reikningur félagsins fyrir árið 1947 og var hann samþykktur í einu hljóði.
3. Kristjáni Jósepssyni á Oddstöðum var falið að sjá um graðhestinn, eins og síðastliðið vor, og gera við girðinguna hjá Glæsivöllum.
4. Samþykkt var að halda kappreiðar sunnudaginn 4. júlí n.k.
5. Kosnir til að sjá um merkjasölu að kappreiðunum, Steinkár Guðjónsson Tungu og honum til aðstoðar; Pálmi Jónasson Snóksdal, Hjörtur Einarsson Hundadal, Jón Ólafsson Geirshlíð, Finnur Þorsteinsson Hrafnabjörgum, Albert Finnbogason Erpsstöðum

Jón Jónsson Hundadal og Jónas Benediktsson Kvennabrekku.

6. Kosnir til að sjá um merkjasölu að dansinum; Haraldur Kristjánsson, Sandafelli, Baldvin Þórarinsson Svarfhóli og Flosi Jónsson Hörðabóli.

7. Kosnir til að sjá um dansinn: Kristján Jósepsson Oddsstöðum, Magnús Jósepsson Hrafnabjörgum, Jón Benediktsson Sandafelli, Guðmundur Guðbrandsson Hóli, Jón Hjálmtýsson Saurstöðum og Guðm. Guðm.son Kolstöðum.

8. Kosnir til að sjá um viðgerð á skeiðvellinum og hestagirðingunni: Klemenz Samúelsson Gröf, Friðfinnur Sigurðsson Bæ, ~~og~~ Óskar Jóhannesson Svarfhóli, Guðjón Sigurðsson Kolsstöðum, Ingvi Guðjónsson Kolstöðum og Guðm. Sigurðsson Gilsbakka.

9. Kosnir í dómnefnd: Gísli Þorsteinsson Geirshlíð, Snæbjörn Jónsson Miðskógi og

Sigurður Jörundsson Vatni.

10. Rásir var kosinn Guðlaugur Magnússon frá Kolsstöðum og til vara Grímur Jónsson Skógskoti.

11. Kosnir til að gæta hestanna: Jósep Jónsson Oddstöðum, Einar Þorsteinsson Bjarnabandi og Guðbjörn Ketilsson Hamri.

12. Ákveðið var að félagið sæi sjálft um veitingar á kappreiðunum, og voru þessir menn kosnir í framkvæmdanefnd til að sjá um það: Gísli Þorsteinsson, Haraldur Kristjánsson og Bergsjón Kristjánsson.

13. Samþykkt að aðgangur að kappreiðunum skyldi verða 10,00 kr., og 2,00 kr fyrir hvern hest

14. Verðlaun á kappreiðunum ~~sku~~ verða hin sömu og síðastliðið sumar.

15. Kosin stjórn félagsins: Jón Sumarl.s. form. Gísli Þorsteinsson gjaldk. og Flosi Jónsson rit. Til vara: Klemenz Samúelsson form. Þorbjörn Ólafsson gjalk. og Pálmi Jónasson rit.

16. Endurskoðendur kosnir: Friðfinnur Sigurðsson Bæ, og Pálmi Jónasson Snóksdal.
Til vara: Albert Finnbogason.
Upplesið. Samþykkt.

Fundi slitið
Flosi Jónsson
ritari